



Viðtakandi: umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Skrifstofa borgarlandsins

Reykjavík, 21. nóvember 2025

USK25100233

SVAR VIÐ FYRIRSPURN


Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 15. október 2025 lagði fulltrúi Framsóknarflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Framsóknar hefur fengið kvartanir um vöntun á ruslatunnum í borgarlandinu. Því er óskað eftir yfirliti yfir staðsetningu ruslatunna í borgarlandi. Einnig er óskað eftir upplýsingum um hvaða forsendur eru hafðar að leiðarljósi við val á staðsetningu þeirra.“

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu borgarlandsins dags. 22. október 2025.

Svar:

Yfirlit yfir ruslastampa í borgarlandinu má finna á borgarvefsjánni en kortið hér að neðan er fengið þaðan. Fjöldi ruslastampa í landi Reykjavíkur er 1632.



Forsendur fyrir vali á staðsetningu ruslastampa í borgarlandinu geta verið ýmskonar. Reynt er að hafa staðsetningu þannig að ekki sé meira en 400 m á milli stampa þannig að það sé aldrei þörf á að ganga meira en 200 m á gönguleið til að komast í næsta ruslastamp. Óskir um nýja stampa koma fram aðallega með tvennskönar hætti. Annars vegar er það í gegnum verkefnið „Hverfið mitt“ og hins vegar með reglubundnum ábendingum gegnum ábendingavef eða með öðrum samskiptum við borgarbúa. Þegar slíkar fyrirspurnir koma eru þær skoðaðar og athugað hvort ný staðsetning er á forsendum ofangreindra fjarlægðamarka eða að önnur atriði annað hvort styðji við nýjan



Reykjavík



stamp á nýrri staðsetningu eða hvort einhver atriði í umhverfinu hindri staðsetninguna. Svo má nefna að þegar nýr setbekkur er settur í borgarlandið fylgir oftast með nýr stampur. Flestar ábendingar hafa fengið brautargengi. Beðist er velvirðingar á seinum svörum.

Virðingarfyllt,
Hjalti J. Guðmundsson
Skrifstofustjóri borgarlandsins
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík